

marz 1787 (sbr. tilsk. 13. júní 1787 I. 2. og 10. gr.). Því ber að svara framan-
rituðum fyrirspurnum þannig:

24
22. febr.

Um 1. Utanríkissskip má alls eigi nota til þess að sækja hvali til hafs og flytja til lands, nje heldur til að flytja hvali fjarða eða hafna á milli innanlands.

Um 2. Skipin ber að skoða sem fiskiskip.

Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli.— 25

Samkvæmt tillögum stiptysfirvaldanna í þóknanlegu brjefi, dagsettu 16. þ. m., 26. febr. vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess að presturinn á Breiðabólstað í Fljótshlíð, síra Eggert Pálsson, taki allt að 4000 króna embættislán gegn trygging í tekjum Breiðabólstaðar prestakalls, til að gjöra á staðnum íbúðarhús úr timbri, 14 álna langt og 11 álna breitt, með steinlímdum kjallara undir því öllu, 4 álnir á hæð undir lopt, með háu porti og svo nefndu brotnu þaki, svo að íbúðarherbergin á loptinu verði einnig 4 álnir undir lopt; meðfram öðrum gaffi hússins sje geymsluskúr, 11×6 álnir, járnvarinn allt um kring, svo sje húsið sjálft allt járnvarið bæði á hliðum og göflum og með járnþaki, traust og vel vandað og að öðru leyti með því fyrirkomulagi, sem fram er tekið í áðurnefndu brjefi stiptysfirvaldanna. Húsinu fylgi 2 góðir ofnar með reykþípum og væn eldavjel, úr járn, er gangi að múruðum reykþáf. Ennfremur er þetta lántökuleyfi þeim skilyrðum bundið, að síðari helmingur lánsins verði eigi útborgaður, fyr en sannað er með reglulegri sköðunargjörð þartil útnefndra manna, að húsið sje fullgjört, í áskildu standi, og váttryggt svo, sem til er skilið, að lánið verði endurborgað af tekjum prestakallsins á 20 árum samfleytt að telja frá því er lánið er tekið, með $\frac{1}{20}$ hluta lánsins á ári, auk vaxta, að sannað verði á fulltryggjandi hátt, að húsið sje traust og vel vandað, að húsið með geymsluskúr, eldavjel og ofnum verði eign prestakallsins, enda mega þá niðurfalla eptirnefnd hús, er áður fylgdu prestakallinu: baðstofa, búr, eldhús, svonefnd austurstofa og svefnherbergi, göng og bæjardyr, að presturinn haldi húsinu váttryggðu fyrir 6000 krónur að minnsta kosti, og að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför eða fráfall hans í góðu og gildu standi eða með fullu álagi.

Að því leyti sem áðurnefndur prestur hefir farið þess á leit að fá hið umrædda lán úr landssjóði, þá verður ekkert um það sagt sem stendur, hvort hagar landssjóðs standi þannig, að lánið geti tengizt úr honum á þessu ári.

Þetta er stiptysfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.